

# ERINDISBRÉF

06. Nóv. 2009

## Efni: Samningahópur II um EES-mál

Í samræmi við ályktun Alþingis um aðildarumsókn að Evrópusambandinu sem samþykkt var á Alþingi 16. júlí 2009 hefur utanríkisráðherra ákveðið að skipa samningahóp um eftirtalin málefni sem falla að miklu leyti undir EES-samninginn og varða frjálsa för fólks, félags- og atvinnumál, þjónustuviðskipti, fjármagnsflutninga og fjármálaþjónustu, félagarétt, upplýsingatækni og fjölmiðla, flutninga og evrópsk samgöngunet, vísindi, rannsóknir, menntun og menningu, umhverfismál og neytenda- og heilsuvernd.

Hlutverk samningahópsins er að annast undirbúning aðildarviðræðna við ESB að því er varðar eftirfarandi kafla þar sem reglur ESB hafa að miklu leyti verið innleiddar í íslenska löggjöf á grunni EES-samningsins: Kafla 2 (Frjáls för vinnuafis), kafla 3 (Staðfesturéttur og þjónusta), kafla 4 (Frjálsir fjármagnsflutningar), kafla 6 (Félagaréttur), kafla 9 (Fjármálaþjónusta), kafla 10 (Upplýsingatækni og fjölmiðlar), kafla 14 (Flutningaþjónusta), kafla 19 (Félags- og atvinnumál), kafla 21 (Evrópsk samgöngunet), kafla 25 (Vísindi og rannsóknir), kafla 26 (Menntun og menning), kafla 27 (Umhverfismál) og kafla 28 (Neytenda- og heilsuvernd). Í því felst einkum innri greining regluverks ESB af Íslands hálfu svo og sameiginleg greining með ESB, undirbúningur tillagna um samningsafstöðu Íslands, viðræður við ESB um samningsafstöðuna og nánari mótun hennar eftir því sem viðræðunum vindur fram og tilefni er til. Hópurinn skal vera samninganefnd og aðalsamningamanni til ráðgjafar meðan á aðildarviðræðum stendur.

Samkvæmt álit meirihluta utanríkismálanefndar (137. löggjafarþing, þingskjal 249) skulu eftirtalin meginmarkmið sett í samningaviðræðunum:

### *Málefni sem falla nú undir EES-samninginn*

- Að líta beri til þeirra undanþága, aðlagana og sérlausna sem sóst hefur verið eftir og fengist hafa í tengslum við EES-samninginn sem fordæmis um það hvernig semja megi að nýju um þessi mál í aðildarviðræðum ESB og
- að varðveita þær aðlaganir sem fengist hafa í EES-samstarfinu sé þeirra enn þörf.

### *Kafla 4*

- Haldið verði í möguleika á að takmarka fjárfestingar erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi.

### *Kafla 19 og hluti kafla 3*

- Að verja hið norræna form félagslegrar almannaþjónustu;
- að halda ákvörðunarvaldi um skipulag almannaþjónustu og gæta þess að ekki verði gengið lengra í samræmingu reglna á því sviði;
- að leggja á það áherslu að hugsanleg samræming á reglum um þjónustu hafi ekki áhrif á það rekstrarform sem ríki kunna að velja sér á almannaþjónustu;
- að fylgjast með framvindu tillagna um breytingu á tilskipun um útsenda starfsmenn;
- að íslensk lög og reglur um opinbera almannaþjónustu og framkvæmd hennar verði tekin til skoðunar svo að tryggja megi sem frekast er unnt að lagaumhverfi ESB hafi ekki áhrif á sjálfstætt ákvörðunarvald stjórnvalda til að skipuleggja og fjármagna opinbera almannaþjónustu;
- að varðveita þann árangur sem náðst hefur á Íslandi við að rétta stöðu kynjanna;

- að tryggja Íslandi tækifæri til að koma að mótun jafnréttisstefnu í ESB;
- að Ísland skipi sér í sveit með þeim sem vilja tryggja réttindi launafólks og festa þau í sessi, m.a. með því að lágmarkskjör verði áfram gildandi;
- að áhersla verði lögð á að Íbúðalánasjóður starfi áfram í núverandi rekstrarformi sem sjóður í almannabágu;
- að félagslegum sjónarmiðum verði gert hátt undir höfði í viðræðunum og að lögð verði áhersla á félagsleg málefni svo ekki glatist það sem áunnist hefur og
- að lögð verði áhersla á að berjast gegn félagslegum undirboðum á vinnumarkaði.

### *Kafla 27*

- Að tekið verði tillit til þess að Ísland er mjög framarlega í nýtingu umhverfisvænnar orku;
- að greina þær undanþágur sem Ísland hefur fengið vegna sérstöðu sinnar frá þeim tilfellum þar sem skörun EES-samningsins við ESB-samninginn leiðir til þess að ekki hefur verið þörf á innleiðingu með það að markmiði að halda þeim undanþágum sem réttilega hafa fengist frá EES-samningnum og nauðsyn er að viðhalda;
- að fenginn verði lengri aðlögunartími til að ljúka skráningu vistgerða og
- að sérstaklega verði metið hvernig halda megi opnum möguleikum að halda veiðum sjávarspendýra og ýmissa fuglategunda áfram, með vísan til aldalangrar hefðar og að forræði þessara mála verði sem mest í höndum íslenskra stjórnvalda.

Þá skulu samningahópur EES II og samningahópur um sjávarútvegsmál hafa með sér samráð að því er varðar fjárfestingar í sjávarútvegi og nýtingu sjávarspendýra.

Að öðru leyti er vísað til álitsins, en hópurinn skal í starfi sínu gæta hagsmuna Íslands í hvívetna og leggja þau sjónarmið sem koma fram í áliti meirihluta utanríkismálanefndar til grundvallar.

Samningahópurinn er skipaður embættismönnum, öðrum starfsmönnum ríkisins og fulltrúum hagsmunaaðila sem taka almennan þátt í starfi hópsins en eiga þó ekki beina aðild að sjálfum samningaviðræðunum.

Formaður stýrir starfi hópsins og skiptir verkum eftir því sem þörf er talin á.

Anna Jóhannsdóttir hefur verið skipuð formaður samningahópsins, en auk hennar munu m.a. fulltrúar frá eftirtöldum ráðuneytum og stofnunum eiga sæti í hópnum: Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti, menntamálaráðuneyti, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, umhverfisráðuneyti, utanríkisráðuneyti, Fjármálaeftirliti, Hafranssóknarstofnun, Náttúrufræðistofnun, Nýsköpunarmiðstöð, Rannís og Umhverfisstofnun. Þá er fyrirséð að í samningahópnum verði m.a. fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Neytendastofu og Samtökum atvinnulífsins.

Samningahópurinn mun leita til háskólasamfélagsins og innlendra og erlendra sérfræðinga, eftir því sem þurfa þykir, að fengnu samþykki aðalsamningamanns.